

Súlunnar af sild dagana 20.—23. janúar 1948 um 800 mál. Er áætlun þessi miðuð við löndunarmagn allmargra sildveiðiskipa þessa daga, svo og heildarveiðimagn Súlunnar sjálftrar á sildveiðitíma þeim, er hér skiptir máli. Súlan hafði 446 mál sildar innanborðs, er hún kom til Reykjavíkur með nót sína til viðgerðar. Koma þau til frádráttar áætluðu löndunarmagni hennar. Áætlast því veiðitjón skipsins 350 mál sildar, og nemur andvirði hennar, miðað við kr. 30.50 verð á hverju sildarmáli, kr. 10675.00. Heildartjón stefnanda vegna nótaskemmdanna nemur þá kr. 10675 + kr. 2019.40 = kr. 12694.40. Samkvæmt því, er áður er sagt, ber stefnda að greiða  $\frac{1}{2}$  þeirrar fjárhæðar, eða kr. 8462.94. Úrslit máls þessa verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til þess að greiða síðast nefnda upphæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1100.00. Þá ber að taka kröfu stefnanda um viðurkenningu sjóveðréttar í v/b Ægi, G.K. 350, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum til greina.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnumum Pétri sjóliðsforingja Sigurðssyni og Hafsteini framkvæmdastjóra Bergþórssyni.

Dómsorð:

Stefndi, Útgerðarfélag Grindavíkur h.f., greiði stefnanda, Leó Sigurðssyni fyrir sína hönd og skipverja á v/b Súlunni, E.A. 300, kr. 8462.94 með 6% ársvöxtum frá 17. marz 1948 til greiðsludags og kr. 1100.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Ægi, G.K. 350, til tryggingar fjárhæðum þessum..

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. janúar 1951.

Nr. 115/1949. Náttúrulækningafélag Íslands

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóds**

(Tómas Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Útsvarsmál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1949. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að synjað verði um framgang lög-taksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í samþykktum Náttúrulækningafélags Íslands frá 14. marz 1941, er giltu, þegar á var lagt útsvar það, er málið fjallar um, eru ekki glögg ákvæði um það, að öllum ágóða af starfsemi félagsins skuli beinlínis varið til almenningsheilla. Brestur því þegar af þeirri ástæðu skilyrði fyrir því, að félagið sé undanþegið útsvarsskyldu samkvæmt 6. gr. A, II, 2, C laga nr. 66/1945. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 500.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Náttúrulækningafélag Íslands, greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 2. júlí 1949.

Gerðarþola, Matstofu Náttúrulækningafélags Íslands hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1948, kr. 4500.00. Þar eð hann hefur eigi greitt útsvar þetta, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að það verði innheimt með lögtaki.

Umboðsmaður gerðarþola hefur gert þær réttarkröfur í málinu, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarþola verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður að mati réttarins. Byggir hann kröfur sínar á því, að tilgangur með stofnun matstofunnar hafi verið: 1. Að veita mönnum aðgang að heilnæmu fæði, 2. að veita sjúklingum aðgang að sérstöku fæði eftir tilvísun lækna, að svo miklu leyti sem tók væru á. 3. Að verða einstaklingum og öðrum matsöluhúsum til fyrirmyndar, en með þessu starfi matstofunnar hafi félagið unnið þýðingar-

mikið starf til almenningsheilla og beri því gerðarþola að vera útsvarsfriðs samkvæmt 6. gr. A. II, 2. C lið útsvarslaganna nr. 66 1945. Hefur umboðsmaður gerðarþola og í þessu sambandi bent á 2. og 3. gr. laga Náttúrulækningafélagsins, er lúta að tilgangi félagsins og starfsháttum, og hefur ennfremur bent á það, að sé um hagnað af matstofunni að ræða, er gangi til annars en hennar sjálfrar, þá sé þeim hagnaði varið í samræmi við 2. og 3. grein félagslaganna. Kveður hann umbjóðanda sinn hafa farið þess á leit árið 1947, að Bæjarráð Reykjavíkur gæfi eftir útsvar eða útsvör, sem á matstofuna höfðu verið lögð, og hafi sú beiðni verið ítrekuð í bréfi til sama aðilja, dags. 11. október 1948, en árangurslaust. Kveður hann umbjóðanda sinn hafa greitt útsvar, er á hann (matstofuna) var lagt árið 1947, með fyrirvara, þar eð hann hafi talið þá, eins og nú, að útsvarið hafi ranglega verið lagt á hann, og áskilur umboðsmaður gerðarþola honum rétt til endurheimtu þess útsvars eftir úrslitum þessa máls.

Umboðsmaður gerðarþola hefur ennfremur til stuðnings kröfu sinni bent á hæstaréttardóm í málinu nr. 79/1946: Stórstúka Íslands gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, sem hann telur hliðstætt þessu máli. Náttúrulækningafélagið berjist gegn sjúkdómum aðallega með því að brýna fyrir mönnum rétta og heilnæma lifnaðarháttu. Þar af leiðandi berjist það gegn áfengisnautn, eins og Góðtemplarareglan, og hafi félagið gefið út rit um það efni og ennfremur berjist það gegn neyzlu tóbaks og annarra nautnalyfja og óhollra fæðutegunda. Um þessa stefnu félagsins sé enginn ágreiningur meðal lækna. Hitt sé annað mál, að um einstök atriði sé og verði ávallt ágreiningur bæði innan vébanda náttúrulækna og annarra lækna, svo sem um einstök atriði mataræðis o. fl. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola lagt fram á rskj. nr. 8 og 9 ummæli tveggja lækna um starfsemi Náttúrulækningafélagsins til almennra nytsemda. Loks hefur hann lagt fram á rskj. nr. 11 og nr. 12 efnahags- og rekstrarreikninga matstofunnar fyrir árin 1946 og 1947.

Gerðarbeiðandi hefur eindregið mótmælt þeim skilningi umboðsmanns gerðarþola, að gerðarþoli sé fyrirtæki þess eðlis, að það eigi að falla undir undantekningarákvæði 6. gr. A II 2 C lið útsvarslaganna um útsvarsskyldu. Hefur hann haldið því fram, að starfsemi gerðarþola sé eins og starfsemi hvernar annarrar matsölu hér í bæ. Hver og einn geti keypt sér þar fæði, eftir því sem húsrúm leyfi, þó að vera kunnir, að félagar í Náttúrulækningafélaginu gangi fyrir um það, ef svo ber undir. Náttúrulækningafélagið hafi ekki hlotið þá almennu viðurkenningu, að það verði talið starfa til almenningsheilla á sama hátt og t. d. Góðtemplarareglan. Vitað sé, að töluverður styrk standi um félagið eða réttara sagt um sumar kenningar forystumanna þess varðandi mataræði o. fl. Það sé alkunnugt, að ýmsir mikilmetnir læknar telja þær kenningar öfgar einar, sem horfi ekki til almennra þjóðþrifa. Auk þess verði af lögum Náttúrulækningafélagsins ekkert ráðið um það, hvað verði af afrakstri af slíkri starfsemi sem matsölunni, enda vafamál, hvort slík matstofa sé starfrækt samkvæmt beinum ákvæðum félagslaganna. Samkvæmt þessu hefur

umboðsmaður gerðarbeiðanda haldið fast við kröfu sína um lögtak og mótmælt öllum kröfum umboðsmanns gerðarþola.

Aðiljar hafa lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Eins og fram kemur í skjölum þessa máls, hefur matstofa Náttúru-lækningafélags Íslands starfað hér frá því á árinu 1944 og til dags dato. Það er vitað, að matstofa þessi er um mataræði að mörgu frábrugðin því, sem almennt gerist á öðrum matsöluhúsum hér í bæ og annars staðar á landi hér. Hefur verið reynt að hafa á boðstólum sem mest það fæði, er náttúrulækna yfirleitt telja heilsusamlegast, en forðast eftir megni þær fæðutegundir, sem þeir telja skaðlegar. Hefur stjórn Náttúrulækningafélagsins gert grein fyrir þessum fæðutegundum í yfirlýsingu sinni á rskj. nr. 5. Umboðsmaður gerðarþola hefur haldið því fram, að þessi starfsemi matstofunnar miði tvímælalaust til almenningsheilla og beri hún því að vera undanþegin útsvarsskyldu samkvæmt þar að lútandi ákvæðum útsvarslaganna. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur hins vegar haldið því fram, að lækna og aðrir sérfræðingar á þessu sviði séu hvergi nærri sammála um, hvað til almenningsheilla horfi í þessu efni, og að gerðarþoli hafi því eigi hlotið þá viðurkenningu sem stofnun til almenningsheilla, er þurfi til, að hún verði undanþegin útsvarsskyldu samkvæmt áður nefndu ákvæði útsvarslaganna.

Þar sem vitað er, að stefna náttúrulækna og þá einnig þeirra, sem að gerðarþola standa, er mjög umdeild meðal fagmanna á því sviði, og nægir hér að nefna tvo þjóðkunna lækna, þá dr. med. Skúla Guðjónsson prófessor í Árósum í Danmörku og dr. med. Jóhann Sæmundsson, prófessor við Háskóla Íslands, þá getur rétturinn ekki fallið á þá skoðun umboðsmanns gerðarþola, að hér sé um stofnun til almenningsheilla að ræða í skilningi útsvarslaganna. Ennfremur er það ljóst af framlögðum rekstrar- og efnahagsreikningum gerðarþola, að hann hefur, að því er virðist fyrirvaralaust, greitt veltuskatt, tekjuskatt, eignaskatt, stríðsgróðaskatt og kirkjugarðsgjald fyrir ár 1947 (rskj. nr. 11) og alla sömu skatta nema veltuskatt og stríðsgróðaskatt fyrir ár 1948 (rskj. nr. 12) og þá ennfremur tekjuskattsviðauka. Hins vegar verður ekkert af reikningum á rskj. nr. 12 ráðið, hvernig varið hefur verið hagnaði matstofunnar þá, en hann nam kr. 19.026.17, sbr. rskj. nr. 12. Að vísu má segja, að tekju- og eignaskattsgreiðslur matstofunnar, sem að ofan greinir, hafi enga úrslitapýðingu um niðurstöðu þessa máls, en þó má benda á, að svipuð undantekningarákvæði munu vera í báðum lögum, tekjuskatts- og útsvarslögunum, og hefði þá verið eðlilegt, að eins færi um hvort tveggja af hendi sama aðilja. En það, sem mestu varðar, er, að rétturinn lítur svo á, að matstofan sé rekin sem hvert annað fyrirtæki af svipuðu tagi og að sá ágreiningur sé ríkjandi meðal fagmanna um starf og stefnu Náttúru-lækningafélagsins, sem að matstofunni stendur, að ekki verði talið, að hún starfi tvímælalaust til almennings heilla og eigi því að njóta undantekningar ákvæðis 6. gr. útsvarslaganna. Þykir því samkvæmt þessu verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaðarkrafa gerðarþola verður því eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 31. janúar 1951.

Nr. 143/1950. **Vinnufatagerð Íslands h/f**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Guðlaugu Vilhjálmsdóttur** (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Konu, sem vann í verksmiðju, dæmd vinnulaun nokkra daga, er hún var frá vinnu sökum veikinda.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1950, krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hennar fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað í Hæstarétti.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vinnufatagerð Íslands h/f, greiði stefnda, Guðlaugu Vilhjálmsdóttur, kr. 500.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.